

Akranesi, 8. nóvember 2011.

Verkalýðsfélag Akranes
bt. Vilhjálmur Birgisson
Sunnubraut 13
300 Akranes

Varðar uppsögn á greiðslu vaktarálags í helgarfríum.

Í uppsögn sem gerð var á fyrirkomulagi greiðslna vaktarálags í helgarfríum þann 1. nóvember 2010 var tekið mið af ábendingu frá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Forsaga málsins er sú að við innleiðingu á vinnustund, rafrænni viðveru og fjarvistarskráningu, kom í ljós að kerfisþættir héldu ekki utanum þessa útreikninga og greiðslur. Eftir skoðun á málinu kom í ljós að ástæðan var sú að þessar greiðslur voru ekki í samræmi við gildandi kjarasamninga og ættu þess vegna að falla niður. Að auki var þessi þáttur sérstaklega kynntur í upplýsingariti með nefndu kerfi þar sem fjallað var um greiðslur í helgarfríum, en þar kom fram:

„Þegar starfsmaður fer í helgidagafrí heldur hann óskertum föstum launum sbr. gr. 2.6.7. Vaktaálag greiðist ekki til viðbótar“.

Í ljósi ofanritaðs er það metið svo að leiðrétta bæri launavinnslu hér í samræmi við þetta og fella greiðslur niður. Þá er það metið svo að þó svo að greiðslurnar hafi viðgengist ranglega í einhver ár hér á stofnuninni beri að leiðrétta slíkt.

Undirritaður sér því ekki annað hægt en að hafna kröfu VLFA í bréfi dags. 3. nóvember s.l. um að greiða vaktarálag í helgarfríum.

Ásgeir Ásgeirsson,
Framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar